

L Ö G

48

11. júní

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1939 með viðauka.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta eignarskatt, álagðan 1939 samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal ekki innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1939 að innheimta með 25% viðauka vitagjald, aðflutningsgjald skv. lögum nr. 37 13. júní 1937, nema af sykri, sírópi, brenndu og óbrenndu kaffi, kaffibæti og öli, aukatekjur ríkissjóðs, þær sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921, og ennfremur verðtoll (sbr. lög nr. 47 15. júní 1926, lög nr. 5 3. apríl 1928, lög nr. 11 2. júní 1933, lög nr. 132 31. des. 1935 og lög nr. 6 6. jan. 1938), þó ekki verðtoll af þeim vörum, er greinir í lögum nr. 83 19. júní 1933 og auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, og eigi heldur af skófatnaði, öðrum en lakk-, flos- og silkiskóm, og olúfatnaði.

3. gr.

Viðaukinn sé reiknaður þannig, að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast $\frac{1}{2}$ eyrir og $\frac{1}{2}\%$ eða hærra sem heill eyrir eða heilt prósent, en minna broti skal sleppt.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í þessari grein, tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

4. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1939 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söng-skemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1939.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihóll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.